

Dómsorð:

Aðalstefndu, Vilborg Guðmundsdóttir, Guðrún Jósepsdóttir og Hagtrygging h/f, greiði aðalstefnanda Haraldi Jónssyni in solidum kr. 80.365.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 31.000 í málskostnað í aðalsök.

Gagnstefndu, Haraldur Jónsson, Sigríður Haraldsdóttir og Brunabótafélag Íslands, greiði gagnstefnanda Vilborgu Guðmundsdóttur in solidum kr. 1.003.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málskostnaður falli niður í gagnsök.

Dómurinn er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.

Föstudaginn 17. desember 1976.

Nr. 123/1975. **Agnar Angantýsson**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h.

Vestmannaeyjakaupstaðar

(Jón Hjaltason hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr,
Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.**

Vinnusamningur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 22. september 1975. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 39.580 krónur með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af 18.070 krónum frá 1. desember 1971 til 1. mars 1972, af 29.078 krónum frá þeim degi til 1. júní 1972

og af 39.580 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og sakarefni þessu er háttað, þykir áfrýjandi geta beint kröfum sínum gegn stefnda einum, sbr. 13. gr. laga nr. 56/1972 og áður lög nr. 56/1963.

Málsaðiljar eru á einu máli um, að samningur sá milli Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar og bæjarstjórnar Vestmannaeyja „um vinnutíma starfsmanna Vestmannaeyjabæjar, yfirvinnukaup og önnur kjör, er hér skipta máli“, frá 22. mars 1971, eigi við um starfsskjör áfrýjanda hjá stefnda. 7. gr. kjarasamnings þessa lætur svo mælt: „Á venjulegum vinnudegi skulu vera tveir kaffitímar, 15 mínútur og 20 mínútur, og teljast þeir til vinnutíma“. Í 3. mgr. 9. gr. samningsins segir svo: „Matartímar í yfirvinnu, sem unnir eru, og kaffitímar allir, sem unnir eru, greiðast sem viðbótartímar við unna yfirvinnu“.

Málssókn þessi er á því reist, að áfrýjandi hafi eigi haft fastan, fyrirfram afmarkaðan kaffitíma og hafi verið undir hælinn lagt, hvenær hann hafi notið þessa starfshlés eða hvort hann hafi notið þess. Af gögnum og málflutningi má ráða, að áfrýjandi hafi að jafnaði notið kaffihlés, en að því er hann telur á óreglulegum tíma og eigi ávallt samfellt. Í málinu skortir gögn um, hversu margir kaffitímar það séu á því tímabili, sem málssóknin tekur til, er áfrýjandi hefur unnið og orðið af kaffihléi. Samningsákvæði þau, sem hér eiga við, verða eigi skýrð svo, að þau tryggji áfrýjanda fyrirfram ákveðna kaffitíma, er eigi verði hnikað til, enda má ætla, að starfsskyldur hans torveldi slíkt fyrirkomulag. Með þessum athugasemdum þykir bera að staðfesta hinn áfrýjanda dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 3. júlí 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að afloknum munnlegum málflutningi, hefur Agnar Angantýsson lögregluvarðstjóri, Bröttugötu 6, Vestmannaeyjum, höfðað með stefnu, birtri 12. júní 1972, á hendur Vestmannaeyjakaupstað.

Fyrir dóminum gerir hann þær kröfur, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 39.580 ásamt með 1% dráttarvöxtum fyrir mánuð eða brot úr mánuði af kr. 18.070 frá 1. desember 1971 til 1. mars 1972, af kr. 29.078 frá þeim degi til 1. júní 1972 og af kr. 39.580 frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu, þar með talin málfærslulaun skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins. Sáttatilraun reyndist árangurslaus.

Stefnandi máls þessa var lögregluvarðstjóri hér í Vestmannaeyjum á því tímabili, sem hér um ræðir. Vinnutími var 5×8 klst. á viku, og þáði stefnandi laun samkvæmt kjarasamningi starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar og bæjarstjórnar Vestmannaeyja frá 22. mars 1971. Eru kröfur stefnanda á því reistar, að þar sem hann hafi aldrei fengið ákveðna kaffitíma á skylduvöktum, beri stefnda að greiða yfirvinnukaup fyrir alla kaffitíma á skylduvakt á tímabilinu 12. maí 1971 til 1. júní 1972, og vitnar stefnandi í því sambandi til 7. gr. áður nefnds kjarasamnings.

Hefur stefnandi lagt fram tvo reikninga, svohljóðandi:

„Til Bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar.

Frá Agnari Angantýssyni, varðstj. lögr.

1971. An: Vangoldnir, staðnir kaffitímar á skylduvakt, fyrir tímabilið 12. maí til 30. nóv. 1971,
 alls 113 dagar $\times$ (20+15 mín) = 35 mín. 35
 mín $\times$ 113 d. = 3955 mín. = 65 klst. á kr. 278.00 18.070.00

Samt.: 18.070.00

Samb.:
 GREITT:“

„Bæjarsjóður Vestmannaeyjakaupstaðar.

1972. An: Vangoldnir, staðnir kaffitímar á skyldu-
vakt. Frá 1. des. 1971 til 1. marz 1972 = 37 klst.

á kr. 297.53 11.008.00

Frá 1. marz 1972 til 1. júní 1972 = 35 klst. á

kr. 300.06 10.502.00

Samt.: 21.510.00

GREITT:

Agnar Angantýsson, varðstjóri“.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og staðfest, að reikningarnir séu frá honum komnir.

Hann kveður hverja vakt vera 8 tíma og engan kaffitíma vera á vöktunum og að hann hafi tekið kaffitíma á hlaupum. Hann kveður 2 menn vera að jafnaði á hverri skylduvakt, en síðan komi fleiri á aukavakt eftir álagi.

Aðspurður um, hvort hann muni eftir svo annasamri vakt, að eigi hafi reynst unnt að taka 35 mínútur til kaffis, sagði stefnandi, að aldrei hefði reynst unnt að taka sérstakan kaffitíma, enda sé lögreglumönnum ekki leyft að taka kaffitíma. Einnig skýrði hann svo frá, að greiddar hefðu verið 5 mínútur fyrir hverja klukkustund á aukavakt fram til 1. júní 1972, en þá hefði því verið hætt.

Frammi liggja í máli þessu aðiljaskýrslur í málum Valgeirs Guðmundssonar, Birgis Sigurjónssonar, Óskars P. Einarssonar, Ragnars Á. Helgasonar, Gunnars Sigtryggssonar, Þorvalds Benediktssonar, Kjartans B. Guðmundssonar og Haralds Haraldssonar gegn Vestmannaeyjakaupstað, en þau mál snúast um sömu atriði og mál þetta. Af framburði þeirra kemur fram, að ekki var ákveðinn neinn sérstakur kaffitími á vöktum, en menn hefðu drukkið kaffi eftir því sem tóm gafst á hverri vakt. Hafi það verið undir hælinn lagt, hvort tóm gæfist til kaffidrykkju. Einnig hafi þeim verið bannað að fara af vaktinni í kaffi eða annað.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson yfirlögregluþjónn, Helgafelli, Vestmannaeyjum, hefur komið fyrir dóminn. Verður framburður hans rakinn hér:

„Undir vitnið er nú borið bréf til bæjargjaldkera. Vitnið kannast við, að bréfið sé frá því komið.

Aspurt um tilefni bréfsins segir vitnið, að Ragnar Helgason

varðstj. hafi komið til þess og beðið það að skrifa upp á reikning fyrir kaffitíma á skylduvakt.

Vitnið vissi, að ágreiningur var um túlkun á ákvæði í kjarasamningum við kaupstaðinn varðandi greiðslu á kaffitímum á skylduvakt, og í stað þess að skrifa upp á reikninginn hafi það skrifað bréfið til bæjargjaldkera.

Hvað snertir greiðslu fyrir kaffitíma á aukavakt, segir mætti, að það hafi haft það frá formanni Starfsmannafélagsins, að greiða ætti fyrir kaffitíma á aukavakt.

Í framhaldi af þessu upplýsir vitnið, að á reikningum frá lögregluþjónum hér fyrir yfirvinnu hafi verið sundurgreint, hvað voru kaffitímar, en aftur á yfirliti, sem mætti sendir skrifstofu bæjarins yfir yfirvinnuna og vaktaálag, hafi þetta ekki verið sundurgreint.

Aðspurður af Georg H. Tryggvasyni lögfr., hvort vitninu hafi gefist kostur á því að kanna á reikningi stefnanda og öðrum lögregluþjónum hér, hvort fjöldi klst. væri réttur, segir mætti svo ekki vera. Mætti minnst þess ekki að hafa séð annan reikning en frá Ragnari Helgasyni varðstj.

Vitnið segir hinsvegar, að sér hafi verið kunnugt um, að aðrir lögregluþjónar væru með slíka reikninga.

Aðspurður, hvort lögreglumenn hafi álitnið sig geta yfirgefið lögreglustöðina í kaffitímum, segir vitnið, að lögreglumenn hafi álitnið kaffitímamann vera frían tíma, sem þeir gætu notað til sinna eigin þarfa, og sagði vitnið lögregluþjónum þá hug sinn um það, að þeir mættu ekki yfirgefa lögreglustöðina, meðan á vaktinni stæði, nema til að gegna skyldustörfum.

Aðspurt, hvort lögregluþjónum sé ætlaður sérstakur tími til kaffidrykkju, kveður vitnið svo ekki vera, en þeir drekki kaffi á vöktunum, og sé það gert með samþykki mætta. Hinsvegar þurfi lögregluþjónar ætíð að vera við því búnir að sinna kalli.

Aðspurt, hvort vitnið telji, að lögregluþjónum gefist yfirleitt tími til að fá sér kaffi á vöktum, segir mætti, að oft gefist góð hlé á vöktunum, en álag geti verið mismunandi, stundum gefist mjög góð hlé og stundum ekki, en þetta fari eftir ýmsu, t. d. árstímanum og vikudögum.

Undir vitnið er nú borið dskj. nr. 20, útdráttur úr dagbók lögreglumanna í Vestmannaeyjum.

Athugasemdir, sem skráðar eru á skjalið, eru nú bornar undir mætta, og segir hann þar rétt frá skýrt.

Mætti segir skjal þetta þannig til komið, að hann hafi fengið

boð frá lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum um, að Georg H. Tryggvason lögfr. mætti fá upplýsingar úr dagbók lögreglunnar varðandi tíðni útkalla.

Fór vitnið þá með dagbókina til lögfræðingsins og var með þeim hætti, að vitnið las upp úr bókinni, hvenær útkall hefði verið og eðli útkallsins, og skrifaði lögfræðingurinn það upp. Tekin voru öll útköll svo og truflanir, allt eins og skráð var í vaktbók.

Aðspurt segir vitnið, að lögreglumönnum beri að bóka um öll útköll og allt, sem þarf að sinna eða má vera til upplýsingar, en hinsvegar þurfi ekki að bóka smátruflanir, svo sem ýmiss konar símtöl, sem ekki skipta ýkja miklu.

Vitnið upplýsir, að það hafi ekki yfirfarið dskj. nr. 20 og borið saman við dagbókina. Athugasemdir á dskj. séu frá lögfræðingnum eftir upplýsingum, sem vitnið gaf honum.

Aðspurt af Georg H. Tryggvasyni lögfr., hvort lögreglumönnum sé gert að skyldu að fara í eftirlitsferðir á ákveðnum tímum, segir vitnið það ekki vera, nema það hafi lagt fyrir þá að fara í eftirlitsferðir, rétt eftir að útivistartíma barna lýkur, þ. e. rétt eftir kl. 20 og kl. 22.

Aðspurt af Jóni Hjaltasyni hrl., hver sjái um að staðreyna reikninga frá lögreglumönnum, segist vitnið sjá um það eða varðstjóri í fjarveru þess.

Aðspurt hvernig því hafi verið háttað til, að hætt var greiðslum fyrir kaffitíma á aukavakt, segir vitnið, að það hafi borist í tal með sér og Georg H. Tryggvasyni lögfr., að greitt væri fyrir kaffitíma á aukavakt, og tjáði lögfræðingurinn vitninu, að sér væri ókunnugt um þetta, og óskaði eftir því, að það yrði sundurgreint á vinnuýfirlitinu til bæjarins, hvað væri kaffitími.

Vitnið upplýsir, að vinnuvikan hjá lögregluþjónum sé 40 stundir, sem skiptist í 5 vaktir, 8 klst. hver vakt.

Stefnandi telur, að hann eigi rétt á að fá kaffitímana greidda, þar eð honum væri gert að drekka kaffi sitt á lögreglustöðinni og hefði ekki leyfi til að yfirgefa hana á vaktinni.

Einnig telur stefnandi, að þar sem ekki hafi verið ákvarðaðir tímar til kaffidrykkju og oft ekki gefist næði til hennar, beri honum greiðsla fyrir.

Stefndi styður sýknukröfur sínar þeim rökum, að stefnanda hefði einnig borið að stefna fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, þar eð um samaðild sé að ræða, og krefst sýknu á grundvelli 2. mgr. 45. gr. laga 85/1936. Skírskotar stefndi og til 1. mgr. 13. gr. laga nr. 56/1972, en samkvæmt því ákvæði skal ríkis-

sjóður greiða kostnað við starfsemi lögreglunnar. Stefndi byggir og á því, að ekki beri að greiða stefnanda laun fyrir kaffitímana, þar eð ekki hafi verið sýnt fram á, að þeir hafi verið unnir.

Eigi þykja efni til frávísunar á grundvelli 1. mgr. 46. gr. laga nr. 85/1936.

Stefnanda og starfsfélögum hans var búin aðstaða til kaffidrykkju á vinnustað, og var kaffið greitt af stefnda á umræddu tímabili. Samkvæmt 7. gr., 1. mgr., kjarasamnings stefnda og Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar telst kaffitími til vinnutíma.

Með tilliti til þessa svo og eðli þess starfa, sem stefnandi rækti, verður ekki á það fallist með stefnanda, að honum beri greiðsla fyrir kaffitímana vegna skyldu til að vera á vinnustað.

Eigi verður talið, að stefnandi hafi sýnt nægjanlega fram á, að honum hafi ekki gefist tóm til kaffidrykkju vegna vinnuálags, enda beinlínis tekið fram af lögmanni stefnanda við munnlegan flutning málsins, að um það væri ekki deilt í máli þessu.

Ber því með hliðsjón af framansögðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Allan V. Magnússon, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vestmannaeyjakaupstaður, skal sýkn af kröfu stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.
